

## 7. Stjórnarfundur haldinn að Merkgili hjá Kristínu föstudaginn 10. September 2010 klukkan 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Anna Kristín, Jóhanna, Þorgerður, Sigurður Bjarni, Kristlaug María og Kristín.

### 1 Staða framkvæmdarstjóra rædd.

Framkvæmdarstjórinn óskaði um stærra starfshlutfall á skrifstofu UMSE.

Stjórn ákvað að verða ekki við þeirri bön, okkur finnst starfshlutfallið vera í samræmi við vinnuna sem að liggur að baki. Óskar formaður ætlar að búa til uppkast af starfslýsingu fyrir starf framkvæmdarstjóra og senda tillögu út á stjórnarmenn til samþykkis.

### 2 Bréf frá UMFÍ.

Bréf frá varaformanni UMFÍ og bað hann um upplýsingar sem að send átti svar til baka fyrir 8. September síðastliðinn. Hann bað um upplýsingar um fjögur atriði, hversu margir keppendur komu frá UMSE á Unglindalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um síðastliðna verslunarmannahelgi, hvernig sumarstarf UMSE var háttað, hvert framtíðarstarf UMSE verður og hvort að það væri eitthvað sem að UMSE vildi koma á framfæri við UMFÍ. Óskari láðist að senda það fyrir áætlaðan sendingartíma en ætlar að senda svarbréf.

### 3 Sambandsráðsfundur UMFÍ

Verður haldinn 16. október 2010 á Egilsstöðum.

Jóhanna og Óskar hafa áhuga á því að fara, en gengið verður frá því hverjir fara á næsta fundi, nógur er tíminn.

### 4 NM U20

Lokafundur var haldinn í gær, eftir það kemur lokaskýrslan um mótið. Heilt yfir gekk þetta mjög vel en voru þó einhverjir hnökrar.

Kvartað var yfir því að það var enginn matur fyrir starfsfólk á laugardeginum.

Talað var um að ekki hefði verið nóg til að af mat á sunnudagskvöldinu.

Reikningar voru ræddir. Keppendur gistu á Hótel Eddu við MA, rétt um 200 manns, dálítið misræmi var á milli máltíð í kvöldmat voru taldir 205 diskar en í morgunmatnum voru taldir 315 diskar.

Öbbu fannst leiðinlegt hvernig við klúðruðum partýinu sem að haldið var á sunnudagskvöldinu, keppendur fóru af keppnissvæðinu í kirkjuhlaupið þaðan á vistina til að skipta um föt og síðan aftur á keppnissvæðið. Ef að það hefði verið athuguð önnur staðsetning að þá hefði sparast kostnaður vegna rútunnar á milli staða.

Yfirdómari sagði að hann hefði aldrei lent í því áður á móti sem hann hefði verið yfirdómari að hafa ekki verið einu sinni kallaður til vegna vafa atriða, fólk kom og spurði fyrirfram og hlutirnir gengu upp.

Myndavélarnar sem að tóku upp hlaupin voru á áberandi stöðum, öll hlaup voru tekin upp og var ekkert kvartað þetta kom í veg fyrir að fólk var ekki að kvarta nema að vera alveg 100% viss. Fjárhagslega erum við að koma ágætlega út úr þessu.

Óánægja var með FRÍ vegna hvernig mótið var auglýst, ráðnir voru markaðsmenn sem að ekki voru að sinna vinnu sinni, kom í ljós að þeir voru ekki aðeins að sinna vinnunni í sambandi við NM u20, hengdar voru upp auglýsingar sem að ekki var fengið leyfi fyrir og voru það mjög miklar auglýsingar.

500.000 kom frá sitt hvorum styrktar aðila auk sem að Samherji gaf fisk sem að var borðaður á sunnudeginum.

Það var nokkurn veginn jafnt á meðal starfsfólks UFA og UMSE á mótinu.  
Fullt af fólki var ekki ánægt með auglýsingu á mótinu á svæðinu.  
Hefði þurft að vera betri aðgangur að hjúkrunarskýli. Tvö meiðsli áttu sér stað.

Næsti fundur ákveðinn 7. Október 2010 kl. 20:00

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður